

Kæru vinir

Ég vil byrja á að þakka ykkur fyrir að koma og fagna hér með okkur í dag. Mér þykir vænt um að sjá svona marga enda er tími fólks dýrmætur á þessum síðustu tímum. Við fögnum hér þeim merka áfanga að í dag opnar Melrakkasetur Íslands formlega í þessu glæsilega húsi, gamla Eyrardalsbænum í Álftafirði. Ég ætla að byrja á að bera ykkur kærarar kveðjur frá Iðnaðarráðherra og ráðherra ferðamála, Katrínu Júlíusdóttur, Ráðherra Menntamála, Katrínu Jakobsdóttur og jafnvel sjálfur Sir David Attenborough biður fyrir kveðjur til okkar hér í dag. Skeyti hefur borist frá Hinu Íslenska Tófuvinafélagi og margir aðrir vinir og velgjörðarmenn setursins hérlendis sem erlendis biðja fyrir kveðjur og eru með okkur í huganum í dag [Dagbjört Hjalta stýrði dagskránni og bar fram kveðjurnar]. Hingað eru þó komin, alla leið frá Þýskalandi, Noregi og Svíþjóð, vinir okkar Anders, Karin, Bodil, Frank og Honoria, til að fagna þessum tímamótum með okkur. Þjóðum þau sérstaklega velkomin – Welcome dear friends.

Ég ætla að segja ykkur lítillega frá hugmyndinni um Melrakkasetrið en hana á Páll Hersteinsson, sem er með okkur hér í dag en hann er talinn meðal fremstu sérfræðinga heims um tegundina. Í apríl 2005 var Páll beðinn um að koma með erindi á ferðamálaráðstefnu sem haldin var að Hömrum á Ísafirði en Páll komst ekki á staðinn á þeim tíma og sendi mig enda er ég nemandi hans og sem nemandi þá gerir maður bara eins og maður er beðinn. Erindið gekk út á það að vestfirðingar gerðu tófuna að einkennisdýri sínu og settu á stofn fræðasetur um hana. Í stuttu máli þá hlaut hugmyndin strax góðan hljómgrunn og gaf tilefni til að ætla að hægt væri að hrinda verkefninu í framkvæmd. Það gerðist þó ekki að sjálfu sér enda var hugmyndinni varpað fram til að einhver hér á svæðinu gæti framkvæmt hana. Þrátt fyrir að mín verkefni væru ekki alveg staðsett hér á fjórðunginum á þessum tíma, enda stóð ég í ströngu við músaveiðar suður á Kjalarnesi, blundaði í mér ákveðinn áhugi fyrir að gera þetta sjálf. Fjölskyldan mín hefur síðan þurft að hlusta á vangaveltur mínar og þælingar um það hvort og hvernig þetta væri mögulegt. Þau smituðust af áhuganum og má segja að þetta sé búið að gerjast innan veggja heimilisins síðustu árin. Við fórum nokkrum sinnum vestur á firði og alltaf á útkikki eftir hentugum stað og húsnæði fyrir svona setur. Vorið 2006 tók ég þátt í leiðtoganámskeiði með um tvö hundruð öðrum konum í Garðabæ. Þar kynnti ég hugmyndina sem draum minn og framtíðarsýn. Eftir námskeiðið kom til mín kona, sem reyndar var ein af kennurum Fjólu dóttur minnar, í Flataskóla, og sagðist vita um hús sem hentaði einkar vel fyrir þetta verkefni. Þessi kona heitir Guðrún Friðriksdóttir [oft kölluð Gunna á stöðinni] og má segja að hún hafi aldeilis haft áhrif á líf minnar fjölskyldu. Húsið sem hún benti á var einmitt gamli Eyrardalsbærinn í Súðavík. Við fórum og skoðuðum húsið og þrátt fyrir bagalegt ástand á því urðum við algerlega heilluð, bæði af húsinu og staðsetningu þess. Ómar Már Jónsson sveitastjóri handsalaði svo samkomulag við mig seinna það sumar, um að hér yrði Melrakkasetur sett á laggirnar en svo fluttum við til Noregs í eitt ár. Það var frekar kvíðafull rödd í sveitastjóranum þegar hann hringdi í mig út til Noregs sumarið eftir til að spyrja hvort við ætluðm ekki örugglega að koma, þau væru byrjuð að undirbúa hér f. vestan. Jújú, ég dreif mig vestur í lok ágúst, gerði áætlun um stofnun og svo var haldinn stofnfundur Melrakkaseturs Íslands ehf. þann 15. September 2007. Í Greinargerðinni var áætlað að opna sýningu hér í Eyrardalsbænum í júní 2010. Réðist sveitafélagið strax í endurbyggingu sem hefur staðið yfir síðan þá, með nokkrum hléum, en það eru aðrir sem kunna endurbyggingasöguna betur en ég. Þó veit ég að Magnús

Alfreðsson smiður hefur haft veg og vanda að uppbyggingu hússins og að teiknistofan Argos vann teikningar að endursmíðinni. Hér hafa margar hendur unnið tiltölulega flókið verkefni og oft á tíðum við vægast sagt óblíðar aðstæður en enginn hiti var í húsinu fyrrihluta verksins og mikið ryk og þrengsli en ekki hafa þessir iðnu menn og konur verið með neitt væl heldur unnið sleitulaust að því að gera klárt fyrir tilsettan tíma. Ég er mjög þakklát fyrir það enda má segja að hér hafi verið unnið kraftaverk þó það sé auðvitað margt sem er eftir að klára og verður að bíða betri tíma. Mikilvægast er að tekist hafi að halda upphaflegri áætlun að opna í júní 2010 og nú stöndum við hér.

Ég legg til að við gefum þessum dugnaðarforkum gott klapp.

Margir hafa komið að undirbúningi við stofnun melrakkasetursins og lagt hönd á plóginn með einum eða öðrum hætti. Stofnfélagarnir okkar skiptu sköpum enda voru það þeir sem höfðu trú á verkefninu í upphafi og tilbúnir til að leggja fram fé úr eigin vasa til að stofna félagið. Lítil kona að sunnan með stórar hugmyndir um að gera melrakkann að einkennisdýri svæðisins og hafa hana að féþúfu í ferðapjónustu. Það er nú ekki sjálfgefið að menn séu tilbúnir í að leggja fé í svona nýstárleg verkefni. Það er samt ekki á neinn hallað þegar ég segi að Ómar Már Jónsson sveitarstjóri hafi með mælgí sinni og sannfæringu talið mönnum trú um að þetta gæti nú kannski verið svolítið sniðugt. Hann hefur síðan unnið ómetanlegt starf bakvið tjöldin í að leggja inn gott orð þar sem máli skiptir og mikið er í húfi. Tel ég afar ólíklegt að við stæðum hér í dag hefði hans ekki notið við. Hinir melrakkarnir, samstjórnendur okkar Ómars, þau Barði, Dagga, Böðvar og Elías hafa einnig staðið þétt við bakið á okkur, ásamt Þorleifi Ágústssyni sem sat með okkur í fyrstu stjórninni. Þetta hefði aldrei tekist ef þeirra hefði ekki notið við. Hið opinbera hefur stutt við okkur frá upphafi og er styrkur frá Fjárlaganefnd Alþingis og mótvægisáðgerðum algert grundvallaratriði til að hægt hefði verið að koma verkefninu þangað sem það er í dag. Ég hef einnig upplifað gríðarlegan velvilja og stuðning íbúa þessa litla bæjar, okkur hefur verið vel tekið hér og mér þykir afar vænt um þá hjálpsemi og góðvild sem okkur hefur verið sýnt, sérstaklega núna undir það síðasta þegar allir hafa einhvernvegin lagst á eitt til að sem best megi til takast.

Margir hafa komið með góð ráð og hugmyndir og ég ætla ekki að telja upp langan nafnalista hér en bendi bara allt í kringum mig, á hið góða fólk sem hér stendur og sýnir okkur stuðning sinn og áhuga.

Þó vil ég þakka sérstaklega þeim sem hafa lagt okkur til þann efnivið sem sýningin gengur út á: íslensku tófuna – það eru ljósmyndarar sem hafa gefið myndir sínar, veiðimenn sem lána tæki sín og sögur, fræðimenn á ýmsum sviðum hafa lánað græjur og niðurstöður rannsókna, safnarar og opinberir aðilar ýmsa muni. Ég bið ykkur að athuga að flestir hlutir á sýningunni eru í einkaeigu og höfum við fengið að láni hluti sem hafa persónulega þýðingu fyrir eigendur sína. Allt eru þetta hlutir sem hafa verið notaðir við vinnu tengda tegundinni. Sýnum þessu fólki þá virðingu að ganga vel um og snerta ekki á hlutum nema tekið sé fram að það sé í lagi. Sýningin er sett upp þannig að við göngum inn á hana hægra megin við aðalinnganginn og förum í gegnum líffræðitengda hlutann fyrst og endum á veiði og veiðimönnum en gengið er út úr sýningunni í svokallaðri herráðsstofu. Það er Auður Alfífa Ketilsdóttir, Fífa, nemandi í hagnýtri menningarmiðlum við Háskóla Íslands, sem sett hefur upp veiðisýninguna og ég hef sett saman líffræðihlutann. Finnur Arnarson sýningarhönnuður hefur samræmt útlitið í gegnum sýninguna og komið með tillögur sem sumar voru framkvæmdar. Við fengum nýlega styrk frá Menningarráði Vestfjarða til að útbúa barnaleiðsögn um sýninguna en hún er ekki tilbúin ennþá. Við höfum samið við hana Billu, eða Marsibil listamann um að hún teiknimyndir af þremur karakterum sem leiða börnin um sýninguna. Einnig er það brúðuleikhúsið Grábrók á Hólmavík sem líklega sér um brúðuleiks-útgáfu leiðsagnarinnar.

Þetta verður sett upp seinna. Sýningin er að sjálfsögðu ekki endanleg enda væri ekki gaman að vera bara búin og geta ekkert bætt neinu við. Ég geri ráð fyrir því að hingað muni berast hlutir, sögur og fleiri munir með tímanum enda lítum við á þetta setur sem vettvang og lifandi fræðasýningu frekar en safn dauðra muna.

Lifandi myndefni á sýningunni vorum við svo heppin að fá frá Hjalta Stefánssyni á Egilstöðum en hann biður fyrir kveðjur frá sér og Gógó, sem hann hefur kvikmyndað síðan hún var oggulítill yrðlingur.

Tobias Mennle, Cecilie Xavier og Marie-Helene Baconnet , sem öll framleiða náttúrulífsmyndir, hafa lofað okkur myndum sem teknar voru hér á Hornströndum og sýndar verða og hafa verið í sjónvarpi.

Þýski textinn er settur upp af Frank Drygala líffræðingi og enski textinn er lesinn yfir af Páli Hersteinssyni. Sýningin verður opin alla daga í sumar frá 10-6 og munu eldri borgarar og grunnskólanemar í Súðavíkurbreppi fá ókeypis inn (í fylgd fullorðinna). Í dag og á morgun er frítt á sýninguna og ég býð ykkur að gera svo vel og njóta.

Við vorum svo heppin að fá hingað til okkar dýrmæta einkasýningu á frímerkjasafni Helga frá Hafnarfirði og hangir það okkur öllum til ánægju inni á kaffihúsinu. Mætar konur héðan úr Súðavík, já og hann Barði, hafa svo bakað handa okkur dýrindis kökur og kleinur og Ölgerðin býður okkur upp á malt og appelsín og ávaxtasafa í dag. Kaffihúsið verður opið til klukkan 10 öll kvöld. Það eru þau Inga Vala, Rúna Esra, Fanney Þóris og Hjörleifur Einarsson sem munu starfa hér í sumar og ég vil nota tækifærið og kynna þau fyrir ykkur. Þau munu njóta aðstoðar Fjólu Þórisdóttur og Dagnýar Axelsdóttur en í dag bætist í hópinn fríður flokkur allskonar aðstoðarmanna til viðbótar enda hafa margir verið boðnir og búnir að hjálpa til. Ég vil koma á framfæri þökkum til ykkar allra og býð ykkur velkomin hingað á setrið og segið endilega öllum frá því hvað hingað sé frábært að koma.